

Húsavíkurhöfn.

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum og bátum.

Húsavíkurhöfn saman stendur af fimm viðleguköntum upp á 727 metra samtals, og telst vera meðalstór fiski og flutningahöfn.

Suðurgarður og ásamt smábátabyggju eru þeir viðlegukantar sem öll minni og meðalstór fiskiskip eru þjónustuð við. Þvergarður þjónustar fiskiskip og minni farþegaskip.

Á Norðurgarði er viðlegukantur fyrir fragtskip og þar eru einnig þjónustuð stærri fiskiskip og farþegaskip.

Bökugarður er viðlegukantur fyrir öll stærri skip sem til hafnarinnar koma.

Á Suðurgarði er eitt móttökusvæði fyrir allt hafnarsvæðið þar sem flokkun sorps og úrgangs fer fram. Gerð er krafa á þá aðila sem skila af sér sorpi, úrgangi, spilliefnum og farmleifum að tilkynna, vigta og gera grein fyrir eðli úrgangs hjá hafnarverði. Viðkomandi úrgangur er flokkaður í viðeigandi ílát á móttökusvæði.

Á móttökusvæði er einn 15 m³ gámur fyrir endurvinnanlegt sorp s.s. pappa, plast og timbur og annar 20 m³ gámur fyrir lífrænan úrgang s.s. matarleifar og annan lífrænan úrgang. Þeim aðilum sem losa þurfa spilliefni s.s. olíur, efnavörur, rafgeima og annað sem telst til spilliefna, er gert að fara með slíkan úrgang beint í viðurkennda losunarstöð til förgunar.

Öll skip sem tilkynna um gagnlosun við komu til hafnar s.s. skemmtiferðaskip, flutningaskip og stærri fiskiskip munu fá afgreidd ílát við hæfi sem losa skal úrgang í sem losaður verður á viðurkenndri flokkunarstöð þar sem endanleg flokkun fer fram. Þegar SafeSeaNet tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning. Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarríkiseftirlits). Allar tilkynningar um magn og losun sorps og farmleifa eru geymdar hjá hafnaryfirvöldum og upplýsingar skráðar á skýrslu UST.

Ekki er losunarstaður á norðurhafnarsvæðinu en öll sorpmóttaka fer fram eftir tilkynningu skipa þar um og eru farmleifar móttæknar af hafnarverði í þar til gerð ílát eða gáma og losað og flokkað beint í sorpgáma hafnarinnar eða beint til viðurkenndrar losunarstöðvar til flokkunar að vigtun lokinni.

Húsavíkurhöfn tekur ekki á móti skólpi frá skipum og bátum. Komi upp þær aðstæður að skip eða bátar þurfi að losna við skólpu er hægt að útvega dælubíl, frá Akureyri, að skipshlið sem tekið getur á móti skólpinu.

Hafnarvörður fer yfir reglur um umgengni, umhirðu og notkun allra förgunarílata með þeim aðilum sem heimild er veitt til að nota þau. Hafnarvörður hefur reglulegt samráð við notendur móttökuaðstöðu með það að leiðarljósi að aðstaðan sé notuð eins og til er ætlast. Hafnarvörður sér síðan um daglegt eftirlit og eftirfylgni með umgengni á öllu hafnarsvæðinu og tryggir að ílátin séu rétt notuð.

Hafnarvörður tekur á móti kvörtunum og athugasemdum varðandi vanbúnað á móttökustöðum hafnarinnar og bregst við á viðeigandi hátt sé þess nokkur kostur. Einnig geta viðskiptavinir lagt inn formlegt erindi til hafnanefndar sem tekið verður fyrir á næsta fundi nefndarinnar þar á eftir.

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra (á þar til gerðu eyðublaði ef það er til staðar) á netfangið port@nordurthing.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyfirvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

(<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>)

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunnar:

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>

Formeðferð á úrgangi og farmleifum fer ekki fram hjá Húsavíkurhöfn að öðru leit en því að höfnin leggur til ílát undir úrgang og farmleifar sem tekið er á móti hjá höfninni. Stór hluti notenda hafnarinnar eru fiskiskip og skemmtibátar og falla því ekki undir 5. gr. reglugerðar nr. 1200/2014. Í þeim tilvikum þar sem tekið er á móti úrgangi og farmleifum frá skipum sem falla undir 5. gr. reglugerðarinnar eru lögð til sérstök ílát sem vigtuð eru sérstaklega og sorpgjald lagt á viðkomandi í samræmi við gerð og magn úrgangs. Gjaldinu er ætlað að standa undir förgunarkostnaði.

Viðskiptavinir og eða þjónustuaðilar skipa og báta sjá að öllu jöfnu sjálfir um að koma úrgangi, farmleifum, olíu og spilliefnum fyrir á viðkomandi losunarstað eða í viðkomandi ílát og eru ábyrgir gagnvart hafnarverði að ílátin séu nýtt eins og fyrirmæli hans segja til um.

Allur úrgangur, farmleifar og sorp er flutt samkvæmt beiðni hafnarvarðar af þjónustuaðila íláta sem er Íslenska Gámafélagið ehf að Víðimóum 3. 640 Húsavík til flokkunar og förgunar.

Rafgeymar, rafhlöður og þess háttar spilliefni fara einnig í sorpmóttöku þar sem gengið er frá þeim til flutnings á viðurkenndan förgunarstað samkvæmt reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

Olía, smursíur og þess háttar úrgangur er afhentur hafnaryfirvöldum í lokuðum tunnum eða brúsum og er því komið á endurvinnslustöð hjá Íslenska gámafélaginu til förgunar eða endurvinnslu eftir atvikum. Einnig geta aðilar farið með slíkan úrgang beint í viðurkennda móttökustöð, samkvæmt beiðni hafnarvarðar eða með milligöngu hafnavarðar, sem sér um og tryggir viðeigandi förgun og skráningu á þeim úrgangi.

Heildarlosun Húsavíkurhafnar á blönduðum úrgangi, farmleifum, á ári er um það bil 13.000. kg. Heildar losun á olíum og spilliefnum við Húsavíkurhöfn er um það bil 100 lítrar á ári.

Viðskiptavinum hafnarinnar sem nýta sér þessa þjónustu er gert að greiða sorpgjald sem innheimt er mánaðarlega. Gjald þetta fer hverju sinni eftir ákvörðun hafnarstjórnar og er samþykkt af sveitarstjórn. Gjaldinu er ætlað að standa undir kostnaði við móttöku, losunar og förgunarkostnaði hverju sinni. Gjaldtaka er samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni og er hún birt á heimasíðu Norðurþings.

https://www.nordurthing.is/static/files/gjaldskrar/2019/gjaldskra_april_2019_samthykkt.pdf

Aðstaða hafnarinnar er í samræmi við 11 gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda 2004 nr. 33, 7.maí.

Áætlun þessi byggir á reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi frá skipum, með stoð í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Reglugerð nr. 801/2004

um varnir gegn sorpmengun frá skipum. Reglugerð nr. 1201/2014 um gjalddöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum, Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum. Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar skal áætlunin endurskoðuð á þriggja ára fresti eða meiriháttar breytingar verði á rekstri hafnarinnar. Næsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en árið 2022.

Tilgangurinn með gerð áætlunarinnar er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að því að lágmarka áhættuna af því að úrgangur geti borist út í umhverfið.

Tengiliðir: Hafnasjóður Norðurþings:

Sjá um eftirlit og utanumhald með móttöku sorps og farmleifa af skipum og bátum, sorpílátum, skráningum og skýrslugerðum vegna sorps og farmleifa. Hafnarstjóri ber ábyrgð á að áætlun þessari sé framfylgt. Íslenska gámfélagið ehf:

Sér um alla losun og förgun á sorpi og farmleifum frá Húsavíkurhöfn.

Það er mat hafnastjórnar og starfsmanna hafnarinnar að aðstaða sú sem boðið er upp á athafnasvæði Húsavíkurhafnar uppfylli öll þau skilyrði sem sett eru í reglugerðinni miðað við þá umferð sem er um höfnina í dag. Aðstaða sorpmóttöku mun taka breytingum miðað við aukin umsvif og kröfur.

Skipakomur til Húsavíkurhafnar á árinu 2021.

Upplýsingar um tegund (flokka) skipa og fjölda tilkynninga***

Tegund skips	Heildarfjöldi tilkynninga	Skil á úrgangi (fjöldi tilk.)
Gámaskip	24	0
Olíuflutningaskip	0	0
Búlkaskip	33	20
Efnaflutningaskip	0	0
Almennt vöruflutningaskip	0	0
Farþegaskip	22	0
Annað (tilgreinið):		
Samtals	79	16

Þórir Örn Gunnarsson.

Rekstrarstjóri hafna Norðurþings